

1.7.2013 - - Fundur nr. 332 - Stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins

STJÓRN SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2013, mánudaginn 1. júlí var haldinn 332. fundur Stjórnar skíðasvæða höfuðborgar-svæðisins. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsinu og hófst kl. 13.05.

Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Gunnar Einarsson, Jón Haukur Ingvason, Theódór Kristjánsson, Egill T. Jóhannsson og Hörður Þorsteinsson

Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri, Ómar Einarsson framkvæmdastjóri ÍTR og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 27. júní sl. varðandi troðarakaup fyrir skíðasvæðin. Stjórnin samþykkti að veita framkvæmdastjóra heimild til að leita eftir kaupum á troðara í samræmi við minnisblað. Innkaupaverð taki mið af gengi dagsins í dag sbr. minnisblað.
2. Lagt fram rekstraryfirlit fyrir janúar - júní 2013.
3. Lagt fram yfirlit yfir framkvæmdir ársins.
4. Rætt um samning milli sveitarfélaga um skíðasvæðin.
5. Fulltrúi Hafnarfjarðar með fyrirspurn um stöðu á mögulegri sameiningu Reykjanesfólkvangs og Bláfjallafólkvangs.
6. Rætt um mengunarslys í Bláfjöllum. Framkvæmdastjóra falið að taka saman minnisblað á umhverfismálum í Bláfjöllum.
7. Fulltrúi Mosfellsbæjar óskaði eftir að framkvæmdastjóri sendi minnispunkta til stjórnarmanna reglulega um stöðu mála á skíðasvæðum.

Fundi slitið kl. 13.50.

Eva Einarsdóttir

Gunnar Einarsson Jón Haukur Ingvason
Theódór Kristjánsson Egill T. Jóhannsson
Hörður Þorsteinsson